

# **Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 8.mars 2014.**

## **Fundargerð.**

- Mætt voru: Erlendur Steinar Friðriksson, Jón Ingi Cæsarsson, undirritaður, Ingimar Tryggvason, Kristín Elva Magnúsdóttir, Perla Fanndal, Jón Einar Jóhannsson og Arnar Ólafsson.
- Perla Fanndal kjörinn formaður Hverfisnefndar og Arnór Bliki Hallmundsson kjörinn ritari.
- Tillaga rædd um endurbætur á Eiðsvelli. Almennt talið að bæta þurfi öryggi með því að girða fyrir Glerárgötumegin og horft til suðurhluta vallar með það. Opnanlegt hlið á milli leikvallar og opna hluta Eiðsvallar. (Hlið til staðar en það er lítið og falið bak við gróður). Rætt um að komi þurfi upp þarna bekkjum eða þess konar “afdrepi”, grill er til staðar en aldrei notað einfaldlega vegna aðstöðuleysis í kring um það (hvergi hægt að leggja neitt frá sér eða setjast niður). Mikilvægt að þessar endurbætur verði hannaðar og skipulagðar fyrirfram í samvinnu við hverfisnefnd.
- Fastur fundartími ákveðinn, síðasti þriðjudagur hvers mánaðar.
- Næsti fundur þ.a.l. þ 25.mars, formanns að ákveða staðsetningu.
- Erlendur Steinar hóf umræðu um snjómokstursmál sem víða eru í ólestri á Eyrinni. Skólabörn og gangandi ekki í forgangi; á meðan götur og plön við Oddeyrarskóla eru samviskusamlega skafin við minnstu föl er snjónum hrúgað á gangstéttir. Forgangsröðun við mokstur ekki rökhugsuð. Hugmynd að setja upp verklagsreglur eða leiðbeiningar hvernig skal mokað- enda oft nýjjir og e.t.v. óvanir menn á tækjunum.

Amtsbókasfninu á Akureyri, 8.mars 2014.  
Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.